

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Stjórnarskipti 5. júlí 2007

Starfsáætlun 2007 - 2008

Ágæti fráfarandi forseti Guðni Gíslason, fráfarandi stjórn og kærur rótarýfélagarog gestir. Ég ætla að byrja á því að biðja nýja stjórn um að fá sér sæti við stjórnarborðið. Þetta eru þeir Haraldur Þór Ólason verðandi forseti, Hallgrímur Jónasson ritari, Gylfi Sigurðsson gjaldkeri, og Kári Valvelsson stallari.

Áður en lengra er haldið er við hæfi að þakka fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með því að fela mér forsetaembætti klúbbsins okkar komandi starfsár. Þetta eru ákveðin tímamót í sögu 61 árs gömlum Rótarýklúbbsi að kona skuli nú taka við forsetaembætti. Ég mun leggja mig fram og reyna að standa undir væntingum ykkar. Það léttir starfið að þið hafið valið með mér úrvals mannskap sem nú er sestur við stjórnarborðið. Ég er viss um að þetta starfsár á eftir að vera ánægjulegt fyrir okkur öll.

Fráfarandi stjórn vil ég þakka fyrir síðasta starfsár sem var um margt óvenjulegt vegna 60 ára afmælisins.

Fundarefni á starfsárinu hafa verið vel heppnuð og margt fróðlegt komið fram. Þar eiga hluta að máli margir félagar okkar. Eins hafa 3mín erindin verið fjölbreytt fróðleg og skemmtileg. Það er full ástæða til að vona að þið verðið jafn útsjónarsöm með að finna góða fyrirlesara með áhugaverð málefni á komandi starfsári.

Umdæmisþingið

8. júní s.l. sátum við Hallgrímur formótið í Keflavík, og síðan umdæmisþingið daginn eftir, ásamt nokkrum félögum okkar.

Umdæmisþingið var vel heppnað bæði skemmtilegt og lærdómsríkt.

Fráfarandi umdæmisstjóri Guðmundur Björnsson fór yfir starf síðasta starfsárs og var sáttur með árangurinn.

Pétur Bjarnasson umdæmisstjóri lagði okkur línurnar með komandi starfsár, helstu áhersluatriði hans eru: “Að fjölga klúbbum um einn. Að efla klúbbsstarfið. Að fjölga félögum. Að fá alla klúbba á landinu til að styðja Rótarýsjóðinn. Að markmiðið um \$100 meðalframlag til Rótarýsjóðsins á félagu umdæmissins náist. Að samfélagsleg og alþjóðleg verkefni verði meira sýnileg.”

Pétur Bjarnason umdæmisstjóri gerði einnig grein fyrir áhersluatriðum forseta Rotary International, Wilfrid J.(Wilf) Wilkinson frá Bandaríkjunum en þau eru „Fjölga félögum í hverjum klúbbsi, Leggja áherslu á Rótarýfjölskylduna. Tryggja öllum jarðarbúum hreint vatn. Berjast fyrir bættri heilsu og gegn hungri, Vinna að því að að útrýma ólæsi“. Wilf Wilkinson hefur valið sér einkunnarorð fyrir starfsárið og eru þau „**Rotary shares**“ sem Pétur hefur þýtt „**Rótarý leggur lið**“.

Þessi orð segja okkur mikið til um hvernig æskilegt er að starfa, ekki bara í rótarý heldur er í þeim líka fólgin boðskapur um hvernig farsælust er að hugsa og aðhafast almennt í þessu lífi, til að friður geti ríkt meðal okkar og að okkur geti liðið sem best.

*Í framhaldi af þessu langar mig til að minnst hér á verkefnið sem hefur verið mér og fleirum okkar í klúbbsnum mikið áhugamál undanfarin 2 ár en það er bygging munaðarleysisjahælisins í Kimberley. Það er verkefni sem fellur einmitt vel að þessum einkunnarorðum og einnig að áherslum alþjóðanefndar umdæmisins sem kynnti ég fyrir ykkur í vetur. Þetta verkefni okkar er nokkuð stórt í sniðum og þess vegna fengum við Rótarýklúbb Reykjavíkur Austurbær til að vera með og sóttum um mótframlög bæði til Rótarýsjóðsins á Íslandi og The Rotary Foundation.

Okkur til mikilla vonbrigða telur The Rotary Foundation sig ekki geta tekið þátt í verkefninu eins og það er sett upp núna. Þess vegna þurfum við væntanlega að breyta umsókninni töluvert og verið getur að við þurfum að afla meira fjár hér innanlands ef til vill með þáttöku fleiri klúbba eða Alþjóðanefndar umdæmisins. En ég mun leggja áherslu á að við leitum leiða til að láta þetta verkefni verða að veruleika. En eins og staðan er núna mun þetta verkefni frestast um eitt ár.

Wilf Wilkingsson hefur boðað komu sína til Íslands á morgun 6 júlí. Þetta er mikill heiður fyrir okkur. Tilmæli eru um að sem flestir Rótaryfélagar sækji þennan fund.

Mætingar

Umdæmisstjóri Pétur Bjarnason lagði áherslu á góðar mætingar á komandi starfsári og vakti athygli á eftirfarandi. Á síðasta fundi hjá laganefnd Rotary International var samþykkt að heimila að lækka fundarsókn úr 60% í 50% en umdæmisstjóri lagði samt sem áður áherslu á það að hver félagi sem ekki hefur sótt 4 fundi í röð og ekki skilað inn mætingarkortum eða mætingarígildum til að bæta upp mætinguna, hefur að öllu jöfnu þar með sagt sig úr klúbbum.

Hægt er eins og þið vitið að ná sér í mætingu eða mætingarígildi með því að mæta í öðrum rötaryklúbbum eða sækja fundi hjá nefndum eða atburðum sem stjórn klúbbsins eða rötaryumdæmið hefur komið á.

Fráfarandi stjórn tók á lélegri mætingu hjá nokkrum félögum á árinu sem ekki höfðu staðið sig sem skyldi.

Jóhannes Einarsson mun taka við sem umsjónarmaður með fundarsókn af Guðmundi Friðrik Sigurðssyni næsta starfsár

Það er full ástæða til þess að hvetja ykkur til þess að mæta vel á klúbbfundi þannig næst markmið rötary að fræðast, kynna, láta gott af sér leiða og skemmta sér. Þetta er eins og í boltanum ef ekki er mætt þá verður ekki góð liðsheild. Ennfremur er ástæða til að hvetja ykkur til þess að mæta á fundi hjá öðrum klúbbum bæði hér heima og erlendis.

Það er fræðandi og gaman að fara á fundi erlendis og upplifa hvernig fundirnir ganga fyrir sig þar miðað við það sem við erum að gera hér heima. Því fjarlægara því skemmtilegra. Okkur er alltaf vel tekið sem rötaryfélögum erlendis. Auðvelt er að fá upplýsingar um fundarstaði og fundartíma erlendis hjá Margréti á Umdæmisskrifstofunni og á netinu. Minnst þess að þetta er hluti af Rötarystarfinu.

Handbókin okkar fyrir komandi starfsár er tilbúin og er til dreifingar í dag. Hún er með hefðbundnu sniði lítil, einföld en innihaldsrík. Minnt er á að í bókinni eru upplýsingar um kennitölu og bankareikning klúbbsins til að auðvelda félögum greiðslu félagsgjalda. Einnig er verið að skoða það að tengja innheimtu á félagsgjöldunum við heimabanka hjá viðkomandi svo þetta verði ennþá auðveldara.

Heimasíður

Vakin er athygli á heimasíðu umdæmisins sem er rotary.is. Þar er hægt að komast inn á heimasíður allra rötaryklúbba umdæmisins.

Sérstaklega vil ég benda ykkur á heimasíðu klúbbsins okkar en þar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar og ljósmyndir úr starfinu.

Guðni sér um heimasíðuna okkar eins og undanfarin ár. Ég vil hvetja ykkur til að koma upplýsingum og ljósmyndum, sem æskilegt er að fari inn á heimasíðuna til Guðna, sem allra fyrst eftir að atburður átti sér stað eða þá sem kynningu á komandi atburði eða verkefni. Þá fyrst kemur heimasíðan að góðum notum. Það er ekki ónýtt að hafa svona mann eins og Guðna til að stjórna þessu.

Heiðursfélagar

Venjan er að ný stjórn tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélögum komandi starfsárs. Stjórnin hefur samþykkt að Pétur Þorbjörnsson og Níels Árnason verði heiðursfélagar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2007-2008.

Klúbbfundir

Klúbbfundir verða með sama sniði og áður. Við verðum áfram með 3ja min erindi, sem hafa gefið góða og skemmtilega innsýn í hugarheim ykkar félaganna. En munið eftir því að það er á ykkar ábyrgð að fá annann í staðinn ef þið forfallist. Hvað varðar fundarstað þá hafa heyrst óánægjuraddir hjá félögum með matinn á liðnu ári. Ný stjórn hefur ákveðið að athuga hvað er í boði í staðinn hér í Hafnarfirði. Við verðum áfram hér á Gaflinum meðan þessi athugun fer fram.

Matarverð verður óbreytt á meðan við erum hér eða kr. 1.500. Við Gylfi fórum á fund vertsins og það varð að samkomulagi að gera tilraun með áherslubreytinga t.d að hafa súpu og einn rétt í boði með góðu meðlæti og fersku rgænmeti og ávöxtum. Matseðill mun liggja frammi 4 vikur fram í tímann og þeir sem ekki borða kjöt eða fisk láti stúlkuna vita í upphafi fundar, þá fá þeir annað í staðinn.

Klúbbþing

Stefnt er að því að halda klúbbþing 18 september.

Ég tel mikilvægt að halda klúbbþing snemma á starfsárinu svo við getum mótað starfið framundan í byrjun starfsárs. Einnig verður fljótlega eftir sumarfrí haldinn fundur með formönnum nefnda

Félagsgjald

Félagsgjald verður það sama og á síðasta starfsári eða kr. 23.000 (2 x 11.500). Munar þar mestu um að enginn skiptinemi er á vegum klúbbsins og afmælisárið er búið.

Gjaldkeri mun hér á eftir leggja fram fjárhagsáætlun komandi starfsárs.

Rotary Foundation

Það vakti enn og aftur athygli á umdæmisþinginu framlag okkar til Rótarýsjóðsins á síðasta ári eins og reyndar árin þar á undan. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að við nálgumst það framlag sem umdæmisstjóri setur sem markmið en stjórnina langar að gera betur með ýmsum öðrum hætti. Þar ber fyrst að nefna að tæma klink úr vösum í grísinn okkar eins og við höfum gert undanfarin ár. Það hefur svo sannanleg sýnt sig að margt smátt gerir eitt stórt. Þeir félagar sem óska eftir að kaupa fána klúbbsins eða rótarýbarmmerki geta keypt það hjá stallara og greiða kr. 500 fyrir hvort. Andvirðið rennur síðan í grísinn. Einnig verða til sölu rótarýbindi.

Ákveðið hefur verið að framlag klúbbsins til sjóðsins í tilefni af stórafmælum félaga (kemur í stað blómvandrar) verði 60\$.í stað 50\$ í fyrra

Nefndir

Fyrirkomulag nefnda er að miklu leyti hefðbundið. Leitast hefur verið við að velja reyndari félaga sem formenn nefnda. Þrjár nefndir leggjast af. Það eru

Afmælishátíðarnefnd, Ritnefnd afmælisblaðs og Fjáröflunarnefnd afmæmisblaðs.

Sögunefnd mun halda áfram að starfa næsta starfsár, nefndinni er ætlað að taka saman síðustu 10 ár í sögu klúbbsins

Söngbókarnefnd mun starfa á næsta starfsári skipuð söngstjórum klúbbsins. Nefndinni er ætlað að endur nýja söngbókina okkar.

Ferðanefnd var sett á laggirnar í janúar s.l. og er nú að skipuleggja ferð til Suður-Afríku 13 október n.k. og hafa 30 manns skráð sig í ferðina og er það hámarksfjöldi. Komið verður við í Kimberly og skoðaðar aðstæður þar sem væntanlegt verkefni okkar verður og börnin heimsótt.

Einnig er nefndin að skipuleggja ferðir innanlands. Gert er ráð fyrir því að byrja með dagsferð 1. september n.k. og önnur dagsferð 1. maí eins og venjulega þessar ferðir eru fyrir alla fjölskylduna og síðan helgarferð með mökum á Snæfellsnes í júní.

Landgræðslunefnd mun hafa það verkefni á næsta starfsári að klára að bæta aðgengi og umhverfi í trjálundinum okkar ásamt því að koma upp minningarsteininum.

Það er ekki hægt að þakka sem skyldi vinarhug Níelsar til okkar með þessari háu fjárhæð sem hann færði okkur og gerir okkur kleift að skipuleggja og ganga myndarlega frá staðnum. Í framtíðinni verður gaman fyrir Rótaryfélaga að fara með fjölskylduna á góðum degi í lundinn okkar og njóta útiverunnar.

URR nefndin mun starfa áfram og er það gleðilegt aðfylgjast með hvað hvað krakkarnir og skólayfirvöld eru ánægð með þetta námskeið, ég vil biðja ykkur féлага að taka jákvætt í það ef nefndin þarf að leita til ykkar.

Nýir félagar

Í upphafi starfsárs eru 76 félagar í klúbbnum og þar af tveir heiðursfélagar, 68 karlar og 8 konur. Meðalaldur féлага er 57,6 ár og meðalklúbbaldur er 15,4 ár. 24 félagar hafa verið meira en 10 ár í klúbbnum og 15 félagar hafa verið meira 25 ár.

Nauðsynlegt er að huga að nýjum félögum. Æskilegt er að fjölga félögum um 4- 6 og vil ég helst að helmingur af þeim verði konur.

Góðir félagar þið eruð hér með hvattir til hafa augun opin fyrir efnilegum kandídötum og koma tilnefningum til forseta.

Ný stjórn mun halda því áfram að með hverjum nýjum féлага verði skipaður:

ábyrgðarmaður, sem mun leiða og leiðbeina viðkomandi fyrsta árið. Félagar eru hvattir til að taka jákvætt í þetta, þegar til þeirra verður leitað.

Lokaorð

Góðir rötaryfélagar. Stjórnin er einhuga í, að reyna að gera komandi starfsár fræðandi og skemmtilegt, eins og þau hafa verið undanfarin ár. Nauðsynlegt er að allir félagar séu virkir í klúbbstarfinu og leggi sitt af mörkum. Þar með er tryggt að góður árangur náist.

Að lokum vil ég biðja ykkur um að hafa einkunnarorð alþjóðaforsetans í huga og leitast við að tileinka ykkur þau í leik og starfi, þ.e. „**Rótary leggur lið**“.

Fjárhagsáætlun

Gjaldkeri mun nú gera grein fyrir fjárhagsáætlun starfsársins.

Gunnhildur Sigurðardóttir

forseti Rötaryklúbbs Hafnarfjarðar 2007-2008.